



HÆNGSMÓTIÐ ER HLEKKUR Í ÖFLUGRI KEÐJU

**Kveðja
frá forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Hængsmótin eru vitnisburður um einurð og atorku keppendanna sem taka þátt í þeim og alúðina sem Lionsmenn hafa jafnan lagt í þau.

Við Dorrit varðveitum góðar minningar frá afmælistótinu árið 2002, minningar um gleði og stolt þátttakenda, ánægju yfir góðum sigrum en einkum vegna þátttökunnar, yfir því að hafa verið með og sigrast á erfiðleikum, sýnt sjálfum sér og öðrum ótvíræða getu.

Enn á ný er afmælisár; aldarfjórðungur frá fyrsta móti. Það er vissulega langur tími og þar hafa margir lagt gjörva hönd að verki. Lionsklúbburinn á þakkir skildar fyrir metnaðinn sem hann hefur ætíð sýnt og fordæmið sem hann hefur gefið með Hængsmótunum.

Afmælisárið er líka sérstakt hátíðarár í alþjóðahreyfingu íþróttanna af þessu tagi. Í haust verða haldnir heimsleikar Special Olympics í Sjanghæ í Kína. Þangað munu koma þúsundir keppenda frá flestum löndum heims. Enginn íþróttaviðburður á þessu ári verður umfangsmeiri.

Hængsmótið á Akureyri er því eins konar forleikur að þeirri miklu hátíð; sönnun þess að hið merka starf norðan heiða tengist öflugri keðju sem nú nær um alla veröldina.

Við Dorrit sendum ykkur bestu kveðjur og óskum keppendum heilla í frábærum leik.